

# Fundargerð 26. fundar

## stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2016, föstudaginn 12. febrúar kl. 13:10 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar símafundur.

Fundinn sátu: Róbert Ragnarsson, Páll Björgvin Guðmundsson, Steinunn María Sveinsdóttir, Gauti Jóhannesson og Anna Lind Ragnarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Viðskiptabann Rússa - Samtök sjávarútvegssveitarfélaga - 1508032SA

Rætt um viðbrögð stjórnvalda við viðskiptabanninu en málið var tekið upp á 25. fundi stjórnar sem haldinn var 15. janúar sl.

*Starfsmanni falið að áréttta fyrri ályktun samtakanna og óska eftir viðbrögðum stjórnvalda. Starfsmanni einnig falið að senda ályktunina á þingmenn.*

### 2. Námsefni um sjávarútveg - Samtök sjávarútvegssveitarfélaga - 1401002SA

Formaður gerði grein fyrir stöðu mála vegna markaðssetningu Trillunnar.

*Ýmsar hugmyndir ræddar um markaðssetningu eins og að fara með efnið í Landann, fá þekka aðila til að prófa appið, útbúa efni fyrir kennara og fleira. Ennþá vantar þó meira efni inn í appið svo hægt sé að hefja markaðssetningu. Formanni og starfsmanni falið að vinna verkefnið áfram.*

### 3. Vorfundur 2016 - 1602001SU

Vorfundur stjórnar verður haldinn á Austurlandi 24.-25. maí nk.

*Gauta og Páli falið að hefja undirbúning.*

Fundi var slitið kl. 13:50